



# Golfklúbbur Reykjavíkur

## Staðarreglur - Korpan

- Vallarmörk eru girðingar, hvítar línur og hvítar stikur. Á **2, 3, 9 og 27**. braut markar steinkantur á malbikuðum vegi vallarmörk. Á **4. – 8**. braut markar malbikaðir gangstígar hægra megin vallarmörk. Á **9**. braut markar malbikaður stígur vinstra megin vallarmörk. Á **12. og 13**. braut markar malbikaður stígur hægra megin vallarmörk. Ávallt skal miða við þá brún malbiksins sem liggur nær vellinum.
- Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, fjarlægðarhælar, vökvunarkerfi, lok á ræsum, fjarlægðar- stikur og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður). **Engin lausn** fæst samkvæmt **reglu 15.2** (Hreyfanlegar hindranir)
- Lendi bolti í rauðu vítasvæði vinstramegin við **13. brautin** eða á **14. brautinni**, hvort sem er innan vítasvæðis, eða útaf hægramegin, eða í gulu vítasvæði á **18. Braut**, má láta bolta falla í þar til gerðan fallreit, flatarmegin við vítasvæðið, **gegn einu vítahögg**. Boltann þarf að láta falla innan fallreitsins og stöðvast innan hans. Ef boltinn eftir upphafshögg fer alveg yfir vítasvæðið (Korpuá) á **14. braut**, þar sem hún er merkt sem rautt vítasvæði en hoppar þaðan tilbaka inn í vítasvæðið má leikmaður taka lausn samkvæmt **reglu 17.1** en þó aldrei nær holu.
- Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

### Tímabundnar staðarreglur:

- Á **16. braut** er blámerkt grund í aðgerð þaðan má fara vítalaust út úr, á þar til gerða fallreiti. Stysta leið út úr svæðinu í þann fallreit sem ekki er nær holu.
- Þegar bolti liggur innan *almenna svæðisins* og gras slegið í brautarhæð eða neðar, má taka vítalaus lausn einu sinni áður en *högg* er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa *lausnarsvæðis* og leika honum þaðan:
  - Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1).
  - Stærð lausnarsvæðis: ein *kylfulengd* frá viðmiðunarstað.
  - Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:
    - Það má ekki vera nær *holunni* en viðmiðunarstaðurinn
    - Ef boltinn liggur innan við tvær *kylfulengdir* frá flöt, má ekki færa næra flöt.
    - Það verður að vera á *almenna svæðinu*.
- Til 15. Júní, þegar bolti liggur á flöt, má færa bolta um allt að einn púttershaus einu sinni fyrir hvert högg, en ekki nær holu.

### Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9750

Félagsmenn GR geta sent póst á [domari@grgolf.is](mailto:domari@grgolf.is) og fengið úrskurð sinna mála við almennan leik Tilgreina þarf keppnisfyrirkomulag (höggleikur/punktakeppni/holukeppni) + völl og ítarlega staðhætti